



# Skýrsla um stöðu og framkvæmd heilbrigðisáætlunar til ársins 2010



## Inngangur

Alþingi Íslendinga samþykkti heilbrigðisáætlun til ársins 2010 á fundi sínum 20. maí 2001. Yfirumsjón með framkvæmd hennar er á hendi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í samvinnu við landlækniseimbættið. Heilbrigðisáætlunin tekur til sjö forgangsverkefna en að öðru leyti myndar það 21 markmið, sem er að finna í Evrópuáætlun Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, megingrunn áætlunarinnar.

Forgangsverkefni heilbrigðisáætlunarinnar til 2010 ná yfir eftirtalin sjö svið:

- Áfengis-, vímuefna- og tóbaksvarnir.
- Börn og ungmenni.
- Eldri borgarar.
- Geðheilbrigði.
- Hjarta- og heilavernd.
- Krabbameinsvarnir.
- Slysavarnir.

Ákveðið var að gefa árlega út yfirlit um stöðu og framkvæmd heilbrigðisáætlunarinnar. Þetta er fyrsta skýrsla þeirrar tegundar og nær hún eingöngu til stöðu forgangsverkefna áætlunarinnar. Á árinu 2005 er fyrirhuguð ítarlegri skýrsla en jafnframt er áformað að öll helstu markmið heilbrigðisáætlunarinnar verði endurskoðuð á því ári.

### 1. Áfengis-, vímuefna- og tóbaksvarnir

Aðalmarkmið


- Áfengisneysla á hvern íbúa verði ekki meiri en 5,0 lítrar af hreinu alkóhóli á íbúa 15 ára og eldri og nánast engin hjá þeim sem yngri eru.
- Dregið verði úr áfengis- og vímuefnaneyslu fólks undir lögaldri um 25%.
- Hlutfall fólks á aldrinum 18-69 ára, sem reykir, verði undir 15%.
- Hlutfall barna og unglinga 14-17 ára, sem reykja, verði undir 5%.

Áfengisneysla á hvern einstakling 15 ára og eldri var 5,56 lítrar af hreinu áfengi árið 1998. Árið 2002 hafði áfengisneyslan aukist í 6,53 lítra á íbúa 15 ára og eldri.

Á árinu 1999 reyktu 27% karla og kvenna á aldrinum 18-69 ára. Árið 2002 var hlutfall karla og kvenna sem reyktu komið niður í 24%.


Árið 1997 reyktu 5-21% ungmenna á aldrinum 14-17 ára daglega. Árið 2001 reyktu 3% 14 ára ungmenna, 9% 15 ára og 15% 16 ára.

Neysla hreins alkóhóls á íbúa 15 ára og eldri




Heimild: Hagstofa Íslands.

Hlutfall 18-69 ára sem reykja daglega



Heimild: Tóbaksvarnanefnd.

Hlutfall 14-16 ára sem reykja daglega



Heimild: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála og landlækniseimbættið.

## 2. Börn og ungmenni

Aðalmarkmið

- 2.a Unnið verði að því að jafna mun á heilsufari barna tengdu þjóðfélagsstöðu foreldra um 25%.
- 2.b Geðheilbrigðisþjónustan nái árlega til 2% barna og unglinga á aldrinum 0-18 ára, óháð búsetu.
- 2.c Dregið verði úr slysum og slysadauða barna um 25%.
- 2.d Tíðni tannskemmda (DMF) 12 ára barna lækki í 1,0.

Rannsókn frá árinu 1998 sýndi að heilsufar ræðst að hluta af þjóðfélagsstöðu einstaklinga. Ekki liggja fyrir niðurstöður nýrri rannsókna á heilsufari einstakra þjóðfélagshópa eða stétta.

Talið var að á árinu 1997 hefði geðheilbrigðisþjónusta náð til 0,4%-0,5% barna og unglinga á aldrinum 0-18 ára. Ekki liggja fyrir áreiðanlegar tölur um hver staðan er í dag en gera má ráð fyrir að þetta hlutfall hafi hækkað í 0,6%-0,7% á árinu 2003.

Á tímabilinu 1991-1995 létust að meðaltali 13,6 af hverjum 100.000 drengjum á aldrinum 1-14 ára af slysförum á ári og samsvarandi tala fyrir stúlkur á þessum aldri var 10,8. Á tímabilinu 1996-2000 hafði þetta hlutfall lækkað í 5,2 að meðaltali hjá drengjum og í 2,0 hjá stúlkum.

## 3. Eldri borgarar


Aðalmarkmið

- 3.a Bið eftir vistun á hjúkunarheimili fyrir fólk sem er í mjög brýnni þörf, verði ekki lengri en 90 dagar.
- 3.b Yfir 75% fólks 80 ára og eldra séu við svo góða heilsu að þau geti með viðeigandi stuðningi búið heima.
- 3.c Dregið verði úr tíðni mjaðma- og hryggbrota um 25%.
- 3.d Yfir 50% fólks 65 ára og eldra hafi a.m.k. 20 tennur í biti.


Árið 1997 var meðalbiðtími eftir hjúkunarrymi í Reykjavík 267 dagar. Árið 2003 var biðtíminn orðinn 293 dagar. Á því ári var biðtími mjög breytilegur annars staðar á landinu, eða frá 102 dögum í Vestmannaeyjum upp í 420 daga í Kópavogi.

Hlutfall þeirra einstaklinga 80 ára og eldri, sem dvelja á öldrunarstofnunum, var 28,8% árið 1999 og hafði lækkað í 26,5% árið 2001.


Líkur á langvinnnum sjúkdómum miðað við menntun föður




Geðheilbrigðisþjónusta (0-18 ára)



Slysadauði 1-14 ára (tala látinna af hverjum 100.000 íbúum á ári)



Biðtími eftir vistun á hjúkunarheimili í Reykjavík



Árið 1995 var hlutfall fólks 65 ára og eldra, sem hafði 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi, þ.e. a.m.k. 20 tennur í biti, 12%. Karlar 17,2% og konur 7,6%. Árið 2000 var hlutfallið í heild orðið 16,9%. Karlar 20,4% og konur 13,6%.

#### 4. Geðheilbrigði

Aðalmarkmið

4.a Dregið verði úr tíðni sjálfsvíga um 25%.

4.b Dregið verði úr tíðni geðraskana um 10%.

Á árunum 1991-1995 var meðalfjöldi sjálfsvíga hjá körlum yngri en 35 ára að meðaltali 12,4 og hjá konum 1,4. Á tímabilinu 1996-2000 var meðaltalið 12,6 hjá körlum og 2,4 hjá konum.

Meðalfjöldi sjálfsvíga í öllum aldursflokkum á ári á tímabilinu 1991-1995 var 24 hjá körlum og 6,2 hjá konum. Á tímabilinu 1996-2000 voru sambærilegar tölur 28,4 hjá körlum og 7 hjá konum.

Árið 1994 var heildaralgengi geðraskana 22%. Árið 2001 var það mælt með sama hætti og fyrr og talið vera 21,2%.

#### 5. Hjarta- og heilavernd

Aðalmarkmið

5.a Dregið verði úr dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma hjá fólki á aldrinum 25-74 ára, hjá körlum um 20% og konum um 10%.

5.b Dregið verði úr tíðni heilablóðfalla um 30%.

Á árunum 1991-1995 létust árlega að meðaltali 198 af hverjum 100.000 körlum 25-74 ára úr hjarta- og æðasjúkdómum. Á tímabilinu 1996-2000 lækkaði þessi tala í 151 af hverjum 100.000 körlum.

Á árunum 1991-1995 létust árlega að meðaltali 76 af hverjum 100.000 konum 25-74 ára úr hjarta- og æðasjúkdómum. Á tímabilinu 1996-2000 lækkaði þessi tala í 63 af hverjum 100.000 konum.


#### 6. Krabbameinsvarnir

Aðalmarkmið

Dánartíðni vegna krabbameina hjá fólki yngra en 75 ára lækki um 10%.


Á árunum 1991-1995 létust árlega úr krabbameini að meðaltali 104 af hverjum 100.000 körlum yngri en 75 ára og 106 af hverjum 100.000 konum. Á tímabilinu 1996-2000 létust árlega 114 karlar af hverjum 100.000 körlum úr krabbameini og 106 konur af hverjum 100.000 konum.

Biðtími eftir vistun á hjúkrunarheimili 2003



Heimild: Heilbrigðisráðuneytið 2003.


Hlutfall 80 ára og eldri á öldrunarstofnunum\*



\*Dvalar- og hjúkrunarheimili og hjúkrunarrými sjúkrahúsa.


Heimild: Ársskýrsla NOSOSKO 2003.

Hlutfall 65 ára og eldri sem höfðu 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi



Heimild: Sigrún Helgadóttir og Guðjón Axelsson 2003.

Meðalfjöldi sjálfsvíga á ári, allir aldursflokkar



Heimild: Hagstofa Íslands.

\*Tölur ársins 2000 eru bráðabirgðatölur.

## 7. Slysavarnir

Aðalmarkmið

7. a Slysum fækki um 25%.

7. b Dauðaslysum fækki um 25%.

Árið 1997 var áætlað að um 60.000 manns slösuðust árlega á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum frá Slysaskrá Íslands má gera ráð fyrir að heildarfjöldi slysa hafi verið mjög svipaður árið 2002 og árið 1997.

Á árunum 1991-1995 létust árlega að meðaltali 42 af hverjum 100.000 körlum af völdum slysa og 21 af hverjum 100.000 konum. Á árunum 1996-2000 lést að meðaltali 31 af hverjum 100.000 körlum af völdum slysa og 13 af hverjum 100.000 konum.

### Niðurstöður

Áfengisneysla hefur undanfarin ár farið vaxandi í öllum aldurshópum og við fjarlægjumst sett markmið um að draga úr heildarneyslunni. Það dregur hins vegar hægt og bítandi úr reykingum fullorðinna og ungmenna.

Skortur er á rannsóknum og upplýsingum um heilsufar fólks eftir þjóðfélagshópum. Ekki liggja fyrir nægjanlega sundurgreindar upplýsingar um geðheilbrigðisþjónustu við börn. Slysum á börnum hefur fækkað verulega.

Bið eftir vist á hjúkrunarheimili hefur lengst víðast hvar. Hlutfallslega fleiri aldraðir dvelja á stofnunum hér á landi en í nágrannalöndunum. Tannheilsa aldraðra er bágborin þó svo ástandið hafi aðeins batnað undanfarin ár.


Sjálfsvígum hefur fjölgað, bæði í yngri aldurshópum og í heild. Aðeins hefur dregið úr heildaralngengi geðraskana.

Verulega hefur dregið úr dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma.

Dánartíðni vegna krabbameina hefur farið hækkandi og má það að öllum líkindum rekja til fjölgunar í eldri aldurshópum.


Heildarfjöldi slysa hefur haldist svipaður en dauðaslysum hefur fækkað.

Heildaralngengi geðraskana hjá fólki á aldrinum 20-59 ára



Heimild: Heilbrigðisráðuneytið 1998 og Kristinn Tómasson 2003.


Dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma á hverja 100.000 íbúa á aldrinum 25-74 ára



Heimild: Hagstofa Íslands.

\*Tölur ársins 2000 eru bráðabirgðatölur.


Dánartíðni vegna krabbameina á hverja 100.000 íbúa 75 ára og yngri



Heimild: Hagstofa Íslands.

\*Tölur ársins 2000 eru bráðabirgðatölur.

Dánartíðni vegna slysa á hverja 100.000 íbúa



Heimild: Hagstofa Íslands.

\*Tölur ársins 2000 eru bráðabirgðatölur.

